

3. gr.

Veiting til hvers höfundar nemi 300 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sam-
mála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

4. gr.

Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntamálaráðherra þannig:
Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands,
og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir menn utan Rithöfundasambands
Íslands tilnefndir af stjórn sambandsins.

Nefndin ljúki störfum fyrir 22. desember 1974.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í þingsályktun frá 18. maí 1972
og fjárlögum fyrir árið 1974 og öðlast gildi þegar.

Menntamálaráðuneytið, 11. nóvember 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks,
nr. 113 3. apríl 1973.**

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

„Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: Vatnsgjald allt að kr.
660.00 á mánuði fyrir hvern lítra í hámarksstillingu hemils“.

Gjaldskrárbreyting þessi er ákveðin skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til
að taka nú þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.